

6.6.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Almennar kröfur (skilti, leiðbeiningar, handföng og fleira v. algildrar hönnunar)

Í grein 6.6.1 í byggingarreglugerð segir:

„**Meginreglur:** Eftirfarandi meginreglur gilda um merkingar, leiðbeiningar, handföng o.fl.:

1. Innan bygginga þar sem gerð er krafa um algilda hönnun skulu skilti og aðrar leiðbeiningar í umferðarleiðum vera eins einfaldar og auðlesnar og framast er unnt. Litamunur leturs og grunnflatar skilta skal vera afgerandi svo lestur sé auðveldur sjónskertum. Upplýsingar skulu einnig vera skráðar með punktalettri eða þannig framsettar að blindir hafi aðgang að þeim upplæsum.
2. Öll handföng, rofar, tenglar, stýringar, stillingar, læsingar o.þ.h. innan bygginga þar sem krafist er algildrar hönnunar skulu vera einfaldar að gerð og einfaldar í notkun og þannig gerðar og þannig staðsettar að þær henti sem fjölbreyttustum hópi fatlaðra einstaklinga. Handföng skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að taka á þeim og stjórna.
3. Á snyrtingum og baðaðstöðu fatlaðra á vinnustöðum eða í opinberum byggingum skulu blöndunartæki vera þannig að hægt sé að stjórna þeim með annarri hendi og í baðaðstöðu skulu tækin vera með hitastýringu.

Viðmiðunarreglur: Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um skilti, leiðbeiningar, handföng o.fl.:

1. Handföng, stýringar, rofar og slíkur búnaður í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar skal almennt staðsettur á bilinu frá 0,70 m til 1,20 m ofan við frágengið gólf.
2. Rafmagnstenglar í byggingum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar skulu almennt ekki hafðir nær innhorni en 0,50 m.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

A Inngangur

Meginreglur eru ávallt ófrávíkjanlegar en viðmiðunarreglur eru frávikjanlegar ef sýnt er fram á að aðgengi og öryggi sé tryggt með jafngildum hætti og meginregla viðkomandi ákvæðis uppfyllt. Í slíkum tilvikum skal hönnuður skila með hönnunargögnum greinargerð þar sem gerð er grein fyrir því og rökstutt með hvaða hætti meginregla ákvæðisins er uppfyllt og aðgengi og öryggi tryggt.

B Meginreglur

1. töluliður: Staðsetja skal skilti milli 1,2 m og 1,6 m hæðar ofan við frágengið gólf. Mjög gott er að nota táknmyndir með texta. Táknmyndir eru mjög mikilvægar fyrir þá sem eiga erfitt með lestur, fólk með þroskahömlun og jafnvel eldra fólk. Við hönnun skilta og upplýsinga er mikilvægt að taka litblindu með í reikninginn. (<http://colororacle.org/> er forrit sem hægt er að hlaða niður. Þar er hægt að sjá myndir og fleira sem líkja eftir litaskynjun fólks með litblindu).



Mynd 1. Dæmi um skilti með punktalettri



Mynd 2. Dæmi um skilti í góðum litamismun við vegg



Mynd 3. Dæmi um skilti með táknmynd, upphleyptum texta, punktalettri og í miklum litamismun

Mikill litamismunur skal vera á milli bakgrunns og skiltis. Þá er auðveldara að sjá skiltið úr fjarlægð og texti auðlesnari.



Lélegur litamismunur
skiltis og veggjar

Mynd 4. Lítil litamismunur á milli bakgrunns og skiltis




Góður litamismunur
skiltis og veggjar

Mynd 5. Mikill litamismunur á milli
bakgrunns og skiltis


Sjá nánar í leiðbeiningu nr. 6.2.2.

Forðast skal að nota einungis hástafi. Upphleypdir stafir eru auðlesnastir fyrir sjónskerta.



**Texti með miklum
litamismun við bakgrunn
skiltis, dökkur á ljósum
grunni.
Hlutfall endurkasthæfni
ljóss a.m.k. 60 (LRV)**

Mynd 7. Mikill litamismunur á texta og skilti



Texti með miklum litamismun
við bakgrunn skiltis, ljós á
dökkum grunni.
Hlutfall endurkasthæfni
ljóss a.m.k. 60 (LRV)

Mynd 8. Mikill litamismunur á texta og skilti


2. Töluliður: Rofar þurfa að skera sig í litamismun frá bakgrunni.
3. Töluliður: Tæki á snyrtingu eru sýnilegri ef bakgrunnur er í öðrum lit en þau, til dæmis sést hvítur vaskur á gráum vegg betur en á hvítum vegg.

C Viðmiðunarreglur

- 1** 1. töluliður: Handföng skulu vera þannig gerðar að auðvelt sé að taka á þeim og stjórna.
Sjá mynd 10.




Mynd 9. Staðsetning stýringa, takka



Mynd 10. Dæmi um æskilega hæð undir glugga til að hjólastólanotandi nái til handfanga.

2 2.tölulíður: Sjá mynd 12.



Mynd 12. Staðsetning stýringa,takka

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	28.8.2012
2.0	2. breyting byggingarreglugerðar	5.7.2013
2.1	6. breyting byggingarreglugerðar. Stækkun á lettri	25.6.2018
2.2	Lagfæringar	27.6.2019
2.3	8. breyting byggingarreglugerðar. Tilvísun tekin. Einfaldað	7.10.2019
2.4	MVS breytt í HMS	6.2.2020
2.5	Yfirlit yfir breytingar	16.11.2020
2.6	Viðbótar skýringarmynd og heiti nánar skilgreint	16.4.2021